

Tilmæli 19/2024  
Tillaga A 1964/UVN  
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

## Nefndarálit um svar við tilmælum 19/2024

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar norrænu ríkisstjórnanna við tilmælum 19/2024 um norrænt samstarf gegn rasisma og annarri öfgahyggju til greina og álíti *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

### Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að koma á ráðstefnu með sjálfstæðum stofnunum á sviði jafnréttis og mismununar á Norðurlöndum.

### Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin um dómsmál (MR-JUST) deilir upplifun Norðurlandaráðs um að auka þurfi þekkingu og skilning á strúktúr og þróun rasisma á Norðurlöndum.

Þannig fjármagnaði MR-JUST skýrslu sem kom út í mars 2023 um þróun hægriöfgahreyfinga á Norðurlöndum frá árinu 1918. Í rannsókninni, sem var sú fyrsta sinnar tegundar, var skoðað hvernig fjölþjóðlegar tengingar hafa verið milli norrænna öfgahægrihreyfinga á öllu tímabilinu. Einnig var sýnt hvaða áhrif aukin stafræn væðing samfélagsins hefur haft á þessar hreyfingar. Þær hafa þróast frá því að vera hefðbundnar hreyfingar með ofansæknu („top-down“) skipulagi yfir í tengslanet sem eru lausari í sniðum, einstaklinga sem grípa til aðgerða og samtaka með útibúaskipulagi.

Í skýrslunni var enn fremur kannað til hvaða fyrirbyggjandi aðgerða hefur verið gripið. Þrátt fyrir að mörg verkefni hafi verið í gangi sem eiga að fyrirbyggja öfgahyggju beinast aðeins fá þeirra að hægriöfgahreyfingum. Fram kemur í skýrslunni að flest þessara verkefna beinist að börnum og ungmennum en ekki þátttöku fullorðinna í hægriöfgastarfi.

Höfundar skýrslunnar lögðu því til ýmsar aðgerðir, m.a. stofna sérstakar lögregludeildir á þessu sviði. Ennfremur var lagt til að Norræna ráðherranefndin eða aðrir viðeigandi aðilar



greiði fyrir eða fjármagni vettvang til að skiptast á upplýsingum, reynslu og þróun aðferða til að berjast gegn hægriöfgahreyfingum. Loks var lag til að sveitarfélög á Norðurlöndum vinni saman á þessu sviði, sem þau gera m.a. í verkefninu „Nordic Safe Cities“, sem ráðherranefndin hefur styrkt í áraraðir, nú síðast í tengslum við ráðstefnu sem haldin var í Stokkhólmi í nóvember 2024 sem var að hluta til fjármögguð af dómsmálasviði Norrænu ráðherranefndarinnar.

Árið 2024 styrkti dómsmálasvið ennfremur ráðstefnu fyrir aðila í norrænum og alþjóðlegum öryggis- og leyniþjónustum sem skipulögð var af Forsvarshøjskolen í Svíþjóð til að skiptast á reynslu og þekkingu á umhverfi öfgahópa, þar á meðal þróun þeirra á samfélagsmiðlum.

MR-JUST leggur því og um áfram leggja áherslu á að berjast gegn ofstæki og öfgahyggju. Þannig kemur fram í nýsamþykktri samstarfsáætlun fyrir árið 2030 að öfgahyggja og ofstæki eru sameiginlegt úrlausnarefni Norðurlandanna enda kann lýðræði og samstöðu á Norðurlöndum að stafa ógn af slíku. Enn fremur eru gyðingaofsóknir mikið vandamál sem birtist í heimsmynd og ofbeldisfullri öfgahyggju nútímans.

Dómsmálasvið vill halda áfram sínu samstarfi og að skiptast á reynslu til að auka þekkinguna um forvarnir og baráttu gegn framangreindum fyrirbærum og samþykkti þess vegna undirmarkmið 3.1 í samstarfsáætluninni um að MR-JUST muni vinna að því að auka þekkingu, skapa vettvang til að skiptast á reynslu og greina hvar þróunar er þörf hvað varðar forvarnir og vinnu gegn ofstæki.

Samstarfssviði ráðherranefndarinnar um dómsmál hefur einnig sett undirmarkmið 2.2 um að tryggja réttaröryggi allra borgara á Norðurlöndum og gæta grundvallarréttinda, svo sem jafnréttis kynjanna og réttinda barna og ungmenna.

MR-JUST hefur því í meginatriðum jákvæða afstöðu til tillögunnar frá velferðarnefnd Norðurlandaráðs um að starfa með þeim yfirvöldum og aðilum sem vinna að því að koma í veg fyrir mismunun og vænta þess að það gerist einnig í ýmsu öðru samhengi og á vettvangi sem dómsmálasvið Norrænu ráðherranefndarinnar tekur þátt í og styður.

Á næsta ári mun MR-JUST m.a. áfram leggja áherslu á lýðræði og öryggi og fyrirhugar því til dæmis að styrkja ráðstefnu sem haldin verður af Nordic Safe Cities haustið 2025. Í tengslum við það mætti hvetja skipuleggjendurna til að bjóða norrænu stofnununum og umboðsmönnum sem fást við mismunun að taka þátt ef það hefur ekki þegar verið gert.

Þar sem árlegt fjárframlag til dómsmálasviðs Norrænu ráðherranefndarinnar er aðeins 1.370.000 DKK verður sviðið þó að forgangsraða styrkjarfjári sínu til starfs sem fellur undir þau markmið sem sviðið vinnur að, sem einnig fela í sér baráttu gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi, verkefni sem stuðla að norrænni réttareiningu og að koma í veg fyrir



stjórnsýsluhindranir. Norræna ráðherra nefndin um dómssmál vill þó taka tillöguna til greina við ígrundun verkefni komandi ára.

Auk starfsins á sviði dómssmála er hægt að upplýsa að ráðgjafarhópur aðlögunaráætlunar Norrænu ráðherra nefndarinnar hefur samþykkt markmið í Framtíðarsýn 2030 um að norrænt samstarf skuli stuðla að virkri samfélagsþátttöku, félagslegum hreyfanleika og félagslegri og efnahagslegri aðlögun og jafnrétti flóttamanna og innflytjenda. Samþykkt voru undir markmið um að m.a. stuðla að skýru, föstu og langvarandi sambandi við vinnumarkaðinn með tækifæri á lágréttum og lóðréttum hreyfanleika og að auka þekkingu og styrkja verkefni sem auka þekkingu hindrunum fyrir þátttöku og inngildingu, stuðla að samheldni og fyrirbyggja mismunun.

Norræna ráðherra nefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

### Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin þakkar ríkisstjórnunum fyrir svarið við tilmælum 19/2024 um norrænt samstarf gegn rasisma og annarri öfgahyggju.

Nefndin er upplýst um að Norræna ráðherra nefndin deilir sjónarmiðum Norðurlandaráðs um mikilvægi þess að berjast gegn rasisma og annarri öfgahyggju með þekkingu og aðgerðum.

Í svarinu er gerð grein fyrir stöðu norræns samstarfs á sviði dómssmála, þar á meðal ráðstefnum, og nefndin telur greinargerðina vera upplýsandi og svara erindi nefndarinnar.

Með hliðsjón af þessu álitur nefndin svar við tilmælum 19/2024 um norrænt samstarf gegn rasisma og annarri öfgahyggju *afgreitt* af hálfu ráðsins.

Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2025

*Tone Wilhelmsen Trøen (H)*  
*Annette Holmberg-Jansson (MSÅ)*  
*Johan Hultberg (M)*  
*Maaret Castrén (samI)*  
*Eva Biaudet (sv)*  
*Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)*

*Kjerstin Wøyen Funderud (Sp)*  
*Eva Lindh (S)*  
*Anna-Kristiina Mikkonen (sd)*  
*Truls Vasvik (A)*  
*Mikkel Bjørn (DF)*  
*Tobias Drevland Lund (Rødt)*